



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 72. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn
Fjarfundur,
6. mars 2019, kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir formaður, Heiða Guðmundsdóttir svæðisráðsfulltrúi, Ólafía Jakobsdóttir fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sveinn Hreiðar Jensson fulltrúi ferðaþjónustunnar, Ásta Berghildur Ólafsdóttir varamaður, Karl Ingólfsson fulltrúi útivistarfélaga og Fanney Ásgeirsdóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Formaður setur fund og leggur fram tillögu um að umræða fari fram með þeim hætti að allir fundarmenn fái að taka tvisvar til máls til að tryggja að allir komist að í umræðunum í gegnum skype og síma. Samþykkt af fundarmönnum.

1. Vonarskarð - 1709013

Stjórn vísar því til svæðisráðs að fjalla með formlegum hætti um málefni Vonarskarð á grundvelli fyrirliggjandi minnisblaðs og annarra fyrirliggjandi gagna. Sjá fundargerð stjórnar 127.fundur 18.2.2019. Svæðisráð fjallaði um málið á fundi nr. 71, 22.2.2019. Málefnið var ekki á útsendu fundarboði þar sem búið var að senda fundarboðið til svæðisráðsmanna fyrir áður nefndan stjórnarfund. Það var því sett á dagskrá á fundinum sjálfum að ósk varaformanns og ekki voru gerðar athugasemdir við það af fundarmönnum. Að fundi loknum komu hins vegar fram athugasemdir frá SAMÚT um þessa tilhögun og því eru nú málefni Vonarskarðs til umfjöllunar í svæðisráði á nýjan leik.

Formaður leggur inn í umræðuna í upphafi gróft yfirlit yfir málefni Vonarskarðs á undanfönum misserum. Orðið gefið frjálst. Varafulltrúi SAMÚT tekur til máls og óskar eftir að bóka eftirfarandi: 1. mótmæli við því að svo viðamikili mál sem Vonarskarð er skuli vera tekið fyrir á fjarfundum. 2. mótmæli við því að hann hafi fengið fundargögn með ónógum fyrirvara. Þau hafi ekki orðið honum aðgengileg í fundargátt fyrr en tveimur klukkustundum fyrir fund.

Formaður óskar eftir að bókað verði að fundargögn eiga að birtast sjálfkrafa þegar boðað er til fundar, þarna hljóti því að vera einhver galli á fundarkerfi. Fram kom tillaga um að fyrst fundarmenn hafi ekki allir haft tækifæri til að kynna sér gögn sé eðlilegast að fresta fundi. Formaður leggur til í ljósi þessa að fundi verði slitið og boðað til nýs fundar sem fyrst og þjóðgarðsverði falið að kanna ástæður þess að gögn voru ekki aðgengileg öllum fundarmönnum í fundargátt. Fundurinn samþykkir tillöguna. Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:40.

Fundi slitið kl. 16:40.